

Alþingi
Erindi nr. P 127/1388
komudagur 21. 3. 2002

Reykjavík, 18. mars 2002

Til nefndasviðs Alþingis

Kennaraháskóla Íslands hafa borist til umsagnar frumvörp til laga

- um Vísinda og tækniráð
- um opinberan stuðning við vísindarannsóknir og
- um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins

Hér á eftir fara ábendingar og athugasemdir Kennaraháskóla Íslands.

1. Í upphafi vill Kennaraháskólinn vekja athygli á að á yfirlitsblaði um þá sem fengu frumvörpin til umsagnar kemur fram að þau hafa ekki verið send Kennarafélagi Kennaraháskóla Íslands eða félagi prófessora við aðra háskóla en Háskóla Íslands – hins vegar hafi þau verið send samsvarandi félögum í Háskóla Íslands.

Kennaraháskólinn telur að eðlilegt hefði verið að óska álits stéttarfélaga þessa háskóla ekki síður en Háskóla Íslands.

2. Ætla má að markmiðið með frumvörpum þessum sé að efla íslenskt vísindasamfélag, stuðla að auknum rannsóknum og styðja við þá rannsóknarstarfsemi sem þegar er sinnt af íslenskum vísindamönnum. Líta má á þá ábyrgð sem forsætisráðherra er falin með frumvarpinu sem ítrekun á mikilvægi þessa.

Kennaraháskólinn telur þessi viðhorf mikilvæg og fagnar þess vegna þeim jákvæða vilja sem vænta má að liggja til grundvallar frumvörpunum sem um ræðir.

3. Á frumvörpunum er ekki að sjá að gert sé ráð fyrir auknu fjármagni til rannsókna. Það er mjög miður því lítið gagnar að hafa hugmyndir um öflugt og frjótt rannsóknar- og vísindastarf ef ekki er ljóst að þess háttar starfsemi njóti öflugs fjárstuðnings og að rannsakendum sé búið viðunandi starfsumhverfi, þjónusta og stuðningur við rannsóknarstarfið.

Kennaraháskólinn telur grundvallarskilyrði að fjárframlag til allrar rannsóknarstarfsemi verði aukið og bendir sérstaklega á mikilvægi þess að stuðningur við fjölbreytilegar rannsóknir á námi og kennslu verði efldur. Það er m.a. forsenda fyrir því að Íslendingar fylgist með í þeirri þróun þekkingarsamfélags sem nú á sér stað.

4. Frumvörpin þrjú mynda eins konar rammalöggjöf en eru ekki einn lagabálkur. Þessi ráðstöfun hefur þann kost að skapa ákveðinn sveigjanleika – en hins vegar einnig þann galla að gæta þarf sérstaklega að samræmi í textanum. Svo virðist sem enn sé allmikið verk óunnið við slíka samræmingu. Sú staðreynd styður það sjónarmið að unnið verði betur með hugmyndirnar sem til grundvallar liggja og þannig leitast við að tryggja skilvirkara kerfi og koma í veg fyrir innri andstæður.

Þær breytingar sem frumvörpin fela í sér eru mjög umfangsmiklar og mikilvægt að um þær náist breið sátt. Til þess að svo megi verða telur Kennaraháskólinn eðlilegt að gefa þeim góðan tíma til að gerjast í vísindasamfélaginu, gefa fólki tækifæri til að ræða þær og máta við núverandi aðstæður.

Kennaraháskólinn telur að ekki sé skynsamlegt að knýja fram jafn viðamiklar breytingar og frumvörpin fela í sér með því að hraða gildistíma þeirra svo mjög sem þar kemur fram.

5. Mjög mikilvægt er að ekki glatist sú þekking á rannsóknarstarfi hérlendis sem núverandi kerfi býr yfir. Á því virðist nokkur hættu miðað við frumvörpin eins og þau koma nú fyrir sjónir. Verði gerðar breytingar á rannsóknarumhverfi hérlendis er mikilvægt að yfirsýn og samfella sem nú er fyrir hendi glatist ekki.

Núverandi ráðstöfun á úthlutun styrkja hefur notið trausts og þótt tryggja vönduð vinnubrögð og ekki hafa verið áberandi óskir um að henni verði breytt. Því er umhugsunarefni að setja fram tillögur um breytingu því ekki verður séð að hugmyndirnar sem í frumvörpunum koma fram verði til einföldunar nema síður sé. Samkvæmt þeim verður settur á stofn fjöldinn allur af nefndum og stjórnnum sem ráðherra á að skipa og hafa takmörkuð tengsl innbyrðis.

Kennaraháskólinn telur að ekki hafi komið fram nein rök til þess að breyta núverandi skipulagi á úthlutun rannsóknarstyrkja að svo komnu máli og styður því ekki hugmyndir frumvarpanna í þessu efni.

6. Kennaraháskóli Íslands hefur á undanförunum árum ítrekað vakið athygli á því að rannsóknnum í menntamálum er langt frá því nægilega sinnt hér á landi. Bent skal á að menntamálaráðherrar allra tíma og ráðuneyti þeirra hafa orðið að berjast fyrir fjármagni til rannsókna á menntamálum á sama tíma og ráðherrar atvinnumála s.s. iðnaðar og sjávarútvegs hafa haft miklu greiðari aðgang að rannsóknarfé.

Með tvískiptingu – þ.e. skiptingu í tækninefnd annars vegar og vísindanefnd hins vegar - má ætla að enn sé ýtt undir þetta misvægi. Ekki er ólíklegt að þeir sem sinna raunvísindum safnist í tækninefndina og að þannig verði enn aukið á þá togstreitu sem þegar er fyrir hendi.



Kennaraháskólinn telur breytingarnar sem frumvörpin gera ráð fyrir síður en svo líklegar til að snúa því ástandi til betri vegar eða verða til þess að lyfta rannsóknum á sviði hug- og félagsvísinda.

7. Varað er við ákvæði sem gerir ráð fyrir að binda styrkveitingu við einstakling en ekki stofnun eða fyrirtæki. Með þeirri hreyfingu fólks milli vinnustaða sem er staðreynd í nútíma samfélagi er ótækt að búa svo um hnúta að það sé á valdi einstaklings hvaða stofnun eða fyrirtæki tengist rannsókn sem hlotið hefur styrk.

Kennaraháskólinn telur mikilvægt að viðhaldið verði því skipulagi að rannsóknarstyrkir tengist bæði einstaklingum og stofnunum / fyrirtækjum

Niðurstaða

Kennaraháskóli Íslands mælir ekki með því að fyrirliggjandi frumvörp um Vísinda og tækniráð, opinberan stuðning við vísindarannsóknir og opinberan stuðning við tæknipróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins verði samþykkt á yfirstandandi þingi en mælir eindregið með því að þær hugmyndir sem fram koma í frumvörpunum hljóti skipulega umræðu meðal íslenskra vísindamanna og í þeim stofnunum þar sem rannsóknir fara fram.

Kennaraháskólinn lýsir yfir einlægum vilja til að taka þátt í nýsköpun og þróun þess lagaumhverfis sem rannsóknarstarfi á Íslandi er búið og er tilbúinn til að leggja sitt af mörkum í þeirri umræðu.

Með kveðju
fh. Kennaraháskóla Íslands

Ólafur Proppé rektor